Reykjavík

Frístundaheimilið

Stjörnuland

Starfsáætlun 2026-2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:
Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Efnisyfirlit:

Inngangur 3
Innra mat 2025-2026 3
Umbótaáætlun 2026-2027 4
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins 4
Helstu dagsetningar 5
- Ágúst 5
- September 5
- Október 6
- Nóvember 6
- Desember 6
- Janúar 6
- Febrúar 6
- Mars 7
- Apríl 7
- Maí 7
- Júní 7
- Júlí 7

Inngangur

Í þessari starfsáætlun er fjallað um innra mat frístundaheimilisins Stjörnulands auk þess sem tilgreindir eru viðburðir og dagsetningar í hverjum mánuði sem skiptir máli í starfinu.

Markmið með innra mati er að efla árangur og gæði frístundastarfs. Metið er út frá útgefnum Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs Reykjavíkurborgar þar sem vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður viðhorfskannana eru ávallt ryndar í innra mati.

Innra mat 2025-2026

Styrkleikar og tækifæri eru byggð á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs og unnin út frá matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats.

Styrkleikar (vísbendingar sem fá A)

Börn á frístundaheimilinu

- Börnin eru virkir þátttakendur og hafa jöfn tækifæri til að hafa áhrif á starfið og aðstæður. Lýðræðisleg vinnubrögð eru hluti af reglulegu starfi.
    - Eru börnin hvött til að koma með eigin hugmyndir að viðfangsefnum og þau studd í útfærslu og framkvæmd þeirra?
- Í frístundastarfinu er hlúð að börnum í samræmi við þarfir og þroska hvers og eins svo börnin fái notið bernsku sinna,
- Í frístundastarfinu er lögð áhersla á styrk barna og áhuga.
- Skilaboð til barnanna og mikilvægar upplýsingar eru myndrænar og sýnilegar í þeirra hæð.

Starfshættir og viðfangsefni

- Starfsumhverfi er án aðgreiningar og einkennist af hlýju, öryggi og virðingu.
- Börnin eru hvött til að vera forvitin og takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni, þar sem náttúra og nærumhverfi eru nýtt sem vettvangur leiks og starfs.
- Boðið er upp á frjálsan leik og skipulagt hópastarf í almennu starfi.
- Dagskipulag er endurmetið reglulega út frá þörfum barnanna. Verkaskipting og ábyrgð starfsfólks í daglegu starfi er skýr og öllum ljós.
-

Mannauður og faglegt starf

- Frístundaheimilið veitir viðeigandi fræðslu til nýrra starfsmanna frístundaheimilis, hvetur til símenntunar og skapar aðstæður til starfsþróunar.

Bjargir og skipulag

- Markvisst samstarf er við foreldra, aðra samstarfsaðila og gott upplýsingaflæði um starfsemina.
- Tekið er á móti börnum og þau kvödd með skipulögðum hætti, þannig að ljóst sé hve mörg börn eru á frístundheimilinu hverju sinni.

Tækifæri (vísbendingar sem fá C eða D)

Börn á frístundaheimilinu

- Er skipulega unnið með lýðræði í starfi með börnunum?
- Eru börnin hvött til að tjá skoðanir sínar á markvissan og uppbyggilegan hátt?

Mannauður og faglegt starf

- Frístundaheimilið veitir viðeigandi fræðslu til nýrra starfsmanna frístundaheimilis, hvetur til símenntunar og skapar aðstæður til starfsþróunar

Umbótaáætlun 2026-2027

Heiti aðgerðar:	Barnalýðræði
Umbótaþáttur/matsþáttur	Vinna markvissar með barnalýðræði
Tækifæri til umbóta.	Halda fund mánaðarlega þar sem starfsmenn og börn ræða saman um dagskrá fyrir næsta mánuð. Þá fá börnin að segja sína skoðun á dagskránni og fá að velja skipulagðar smiðjur sem haldnar verða 3-4 x í mánuði.
Aðgerðir til umbóta.	- Starfsmenn fá fræðslu um barnalýðræði - Starfsmenn haldi fundi með börnunum og smiðjur sem byggja á hugmyndum þeirra - Virkja starfsmenn betur í að hlusta á hugmyndir barnanna - Starfsmenn vinna úr niðurstöðum kannana sem lagðar voru fyrir börnin við lok smiðja og gera
Ábyrgð	Árni og Lovísa
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október 2026 – júní 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Endurmat fer fram reglulega með starfsmönnum á starfsmannafundum þar sem verður farið yfir hvað gekk vel og/eða hvað má gera betur. Einfaldar kannanir lagðar fyrir barnahópinn eftir smiðjur til þess að sjá hvernig þeim líkaði og hvort umbóta er þörf.
Viðmið um árangur.	- Smiðjur út frá hugmyndum barnanna haldnar að lágmarki þrisvar í mánuði - Skoðað hver þátttaka barna er í hverri smiðju - Kannanir lagðar fyrir og unnið úr þeim

Heiti aðgerðar:	Mannauður og faglegt starf
Umbótaþáttur/matsþáttur	Gefa nýju starfsfólki tíma til að læra á starfið og vinna markvisst að aðlögun þeirra
Tækifæri til umbóta.	Vinna markvissar að aðlögun og fræðslu í upphafi starfs hjá nýju starfsfólki
Aðgerðir til umbóta.	- Starfsmenn fá fræðslu um starf frístundaheimila á Torginu og hjá stjórnendum - Skipuleggja hvenær og hvernig upplýsingar eru gefnar

	- Nýtt starfsfólk fær tíma til að fylgja reyndara starfsfólki í starfinu í byrjun áður en það tekur fulla ábyrgð - Reglubundin stutt formleg samtöl til að taka stöðuna á líðan og frammistöðu starfsfólks.
Ábyrgð	Árni og Lovísa
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október 2026 – júní 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Jafnt og þétt er metið hvernig starfsmanni gengur að læra á starfið. Meta hvernig formið sem notað er í viðtölunum gagnast. Miðað við að taka þrjú samtöl, fyrst um tveimur vikum eftir að starfsmaður hóf störf og svo fjórum og að lokum eftir sex til átta vikur.
Viðmið um árangur.	- Að náðst hafi að gefa starfsmanni tækifæri til að fylgja reyndari starfsmanni eftir í að lágmarki tvo daga. - Að starfsfólk hafi sótt fræðslu um starfsemi frístundaheimila. - Að þrjú stutt samtöl hafi farið fram til að meta líðan og frammistöðu.

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027.

Á frístundaheimilinu Stjörnulandi er mikil áhersla lögð á útiveru og hreyfingu. Allir dagar byrja á útiveru a.m.k. í 30 mínútur. Í útiveru er lögð áhersla á frjálsan leik, skipulagðan leik og náttúran í kringum skólann nýtt, t.d. stuttir göngutúrar um hverfið og heimsóknir á aðra leikvelli. Íþróttasalurinn í skólanum er mjög vinsæll meðal krakkanna og er hann nýttur á hverjum degi hvort sem það er fyrir skipulagðan eða frjálsan leik.

Að öðru leyti byggir starfsemin á frjálsum leik og skipulögðum smiðjum.

Helstu dagsetningar

Ágúst

- ✓ Skólasetning
- ✓ Fara yfir rýmin í Stjörnulandi
- ✓ Dagskrá send til foreldra/forsjáraðila
- ✓ Vetrarfrístund byrjar
- ✓ Myndir af 1.bekk teknar
- ✓ Myndir af börnunum prentaðar út fyrir valtöflu
- ✓ Fréttabréf + myndir úr starfinu sent út

September

- ✓ Dagskrá send til foreldra/forsjáraðila
- ✓ 30.september – Lengd viðvera í Stjörnuland
- ✓ Fréttabréf + myndir úr starfinu sent heim

Október

- ✓ Dagskrá send til foreldra/forsjáraðila
- ✓ Skipulagt föndur 1-2 í viku
- ✓ Bleikur mánuður (Fram að hrekkjavöku)
- ✓ 7.október – Afmælishátið fyrir börn sem eiga afmæli í ágúst, september og október
- ✓ 21.október – Lengd viðvera í Stjörnulandi – Bleikt föndur
- ✓ 27.-29.október – 3.bekkur í undirbúningi fyrir Hrekkjavöku sjoppur
- ✓ 30.október – Hrekkjavaka
- ✓ Fréttabréf + myndir úr starfinu sent heim

Nóvember

- ✓ Dagskrá send til foreldra/forsjáraðila
- ✓ 2.-6.nóvember – Vinabandgerð
- ✓ 5.nóvember – Leikskólaheimsókn
- ✓ 10.nóvember – Leikskólaheimsóknir
- ✓ 8.nóvember – Baráttudagur gegn einelti
- ✓ 9.nóvember – Labbað með börnin og dreift vinaböndum í hús í kringum skólann
- ✓ 10.nóvember – Kleinudagurinn
- ✓ 27.nóvember – Lengd viðvera í Stjörnulandi
- ✓ Fréttabréf + myndir úr starfinu sent heim

Desember

- ✓ Dagskrá send til foreldra/forsjáraðila
- ✓ 3.bekkur jólaskreytir Stjörnuland
- ✓ Jólaföndur 1-2 í viku
- ✓ Jólapeysudagur
- ✓ 21.desember – Lengd viðvera í Stjörnulandi – Jólaföndur
- ✓ 22.desember – Lengd viðvera í Stjörnulandi – Piparkökuskreytingar
- ✓ 23.desember – Lengd viðvera í Stjörnulandi – Jólasleðaföndur
- ✓ 28.desember – Lengd viðvera í Stjörnulandi – Áramótaföndur
- ✓ 29.desember – Lengd viðvera í Stjörnulandi – Áramótaföndur
- ✓ 30.desember – Lengd viðvera í Stjörnulandi – Áramótagrímur
- ✓ Fréttabréf + myndir úr starfinu sent heim

Janúar

- ✓ Dagskrá send til foreldra/forsjáraðila
- ✓ Skipulagt föndur 1-2 í viku
- ✓ Afmælishátið fyrir börn sem eiga afmæli í nóvember, desember og janúar
- ✓ 4.janúar – Lengd viðvera í Stjörnulandi
- ✓ Bóndadagur
- ✓ Fréttabréf + myndir úr starfi sent heim

Febrúar

- ✓ Dagskrá send til foreldrar/forsjáraðila
- ✓ Skipulagt föndur 1-2 í viku
- ✓ 5.febrúar – Lengd viðvera í Stjörnulandi
- ✓ 8.febrúar – Bolludagur
- ✓ 9.febrúar – Sprengidagur
- ✓ 10.febrúar – Öskudagur
- ✓ Fréttabréf + myndir úr starfi sent heim
- ✓ 15.febrúar – Lengd viðvera í Stjörnualandi
- ✓ Konudagur
- ✓ 22.febrúar – Vetrarleyfi (undirbúningur hjá starfsfólki)

- ✓ 23.febrúar – Vetrarleyfi (undirbúningur hjá starfsfólki)

Mars

- ✓ Dagsrká send til foreldra/forsjáraðila
- ✓ Páskarnir
- ✓ Páskaföndur
- ✓ 22.mars – Lengd viðvera í Stjörnulandi
- ✓ 23.mars – Lengd viðvera í Stjörnulandi
- ✓ 24.mars – Lengd viðvera í Stjörnulandi
- ✓ Undirbúningur fyrir barnamenningarhátíð
- ✓ Fréttabréf + myndir úr starfi sent heim

Apríl

- ✓ Dagskrá send til foreldrar/forsjáraðila
- ✓ Afmælishátíð fyrir börn sem eiga afmæli í febrúar, mars og apríl
- ✓ Skipulagt föndur 1-2 í viku
- ✓ 19.apríl – barnamenningarhátíð
- ✓ 20.apríl – barnamenningarhátíð
- ✓ 21.apríl – barnamenningarhátíð
- ✓ Sumardagurinn fyrsti
- ✓ 27.apríl – Starfsdagur, lokað í Stjörnulandi
- ✓ Fréttabréf + myndir úr starfi sent heim

Maí

- ✓ Dagskrá send til foreldra/forsjáraðila
- ✓ Uppstigningardagurinn – Lokað í Stjörnulandi
- ✓ 17.maí – Annar í Hvítasunnu – Lokað í Stjörnulandi
- ✓ Skipulagt föndur 1-2 í viku
- ✓ Fréttabréf + myndir úr starfi sent heim

Júní

- ✓ Fréttabréf + myndir úr starfi sent heim
- ✓ Afmælishátið fyrir þau börn sem eiga afmæli í maí, júní og júlí
- ✓ Vetrarstarfi lýkur – síðasti dagurinn 8.júní í Stjörnulandi
- ✓ 9.júní – Starfsdagur, lokað í Stjörnualdni
- ✓ Undirbúningur fyrir sumarstarfið
- ✓ Sumarstarf byrjar
- ✓ Vikuleg dagskrá sent heim á meðan sumarstarfið er

Júlí

- ✓ Vikuleg dagskrá sent heim á meðan sumarstarfið er
- ✓ Sumarfrí